

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs og sorphirðu í Sveitarfélaginu Ölfusi.

1. gr.

Sveitarfélagið Ölfus annast sorphirðu frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss skal innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir meðhöndlun úrgangs samkvæmt samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Ölfusi.

2. gr.

Sérstök söfnun er við heimili og er flokkun með 3 tunnum auk lífræns hólfs í tunnu fyrir almennt sorp.

Breytilegt gjald fyrir blandaðan heimilisúrgang:		Gjald kr./ílát á ári	
Gjaldflokkur nr.	Tegund íláts og hirða – tunna 1	Íbúð/sérbýli	Fjölbýli
	240 l grá tunna + lífrænt hólfi	32.200	-
	660 l grá tunna 120 l lífræn tunna	-	102.800
	120 l lífræn tunna	10.190	-
	240 l lífræn tunna	-	20.400
	Tvískipt tunna (lífrænt og almennt sorp)	27.200	-
Breytilegt gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, pappírsefni:			
Gjaldflokkur nr.	Tegund íláts og hirða – tunna 2	Íbúð/sérbýli	Fjölbýli
	240 l blá tunna	11.430	11.430
	360 l blátt ker	-	26.750
	660 l blátt ker	-	49.000
Breytilegt gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, plastefni:			
Gjaldflokkur nr.	Tegund íláts og hirða – tunna 3	Íbúð/sérbýli	Fjölbýli
	240 l græn tunna	11.430	11.430
	360 l grænt ker	-	26.750
	660 l grænt ker	-	49.000

3. gr.

Fast gjald er lagt á allar fasteignir sveitarfélagsins til að standa straum af veittri þjónustu tengdri málaflokknum og er ekki beintengt úrgangsmagni s.s. umsýsla, fræðsla, hreinsun rusls á víðavangi, rekstur grenndarstöðva og aðgengi að gámasvæði með gjaldfrjálsan úrgang.

Álagningin er á fasteignir í a-, b- og c-lið samkvæmt 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Fast gjald á fasteignir í a-lið	18.700 kr.
Fast gjald á fasteignir í b- og c-lið	28.000 kr.

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignagjalda. Sorpgjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Önnur gjöld:

Tunnugjald: Nýjar 120 l lífrænar tunnur	15.650	kr./ílát
Tunnugjald: Nýjar 240 l lífrænar tunnur	21.590	kr./ílát
Tunnugjald: Nýjar 240 l tunnur	21.590	kr./ílát
Tunnugjald: Ný 360 l ker	Sérpöntun	kr./ílát
Tunnugjald: Ný 660 l ker	85.615	kr./ílát
Tvískiptar tunnur (almenn og lífræn) 240 l	27.200	kr./ílát
Útkeyrslugjald tunnur	3.220	kr./ferð
Útkeyrslugjald ker	6.440	kr./ferð
Teygjufesting á lok í lausasölu	1.040	kr./stk.
Lok á tunnur 120 l	2.160	kr./stk.
Lok á tunnur 240 l	2.160	kr./stk.
Lok á tunnur 360 l	Sérpöntun	kr./stk.
Lok á tunnur 660 l	10.730	kr./stk.

Tunnugjald og útkeyrslugjald greiðist við afhendingu nýrra tunna. Umsókn um nýjar tunnur þarf að fara í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins og afhending þeirra er á móttöku- og flokkunarstöð við Norðurbakka. Tunnur eru seldar á kostnaðarverði.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss, staðfestist hér með, skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi 1. janúar 2026.

Þannig samþykkt í bæjarstjórn, 11. desember 2025.

Ellíði Vignisson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: